

**SKÝRSLA STARFSHÓPS UM
INNRA STARF FRAMSÓKNAR**



Framsókn

Ágætu félagar,

Verið hjartanlega velkomin á 37. Flokksþing Framsóknarflokksins. Flokksþing hefur æðsta vald í málefnum Framsóknarflokksins þar sem valin er forysta flokksins og sett eru lög og reglur um alla starfsemi.

Það er mikilvægt fyrir stjórn málaflokka að rýna reglulega innra starf flokksins og ræða mögulegar skipulags- og lagabreytingar. Samhliða því að horfa til framtíðar og ræða hvernig við getum nýtt tæknina betur til að byggja upp öflugt flokksstarf allt í kringum landið. Það er alllangt síðan að farið hefur verið skipulega yfir innra starf flokksins með þetta að leiðarljósi. Ég hef lagt áherslu á að forma og koma til framkvæmda tillögum að heildstæðum breytingum hvað þetta snertir og í þeirri vinnu reynt að tryggja að sem flestir innan flokksins hafi haft möguleika á að leggja sín sjónarmið á borðið.

Með þetta að leiðarljósi þá hefur farið fram umfangsmikil vinna er varðar innra starf flokksins og því hafa komið fjölmargir aðilar innan flokksins. Hér er farið yfir þær breytingar sem bæði er unnið að og lagðar eru til á þessu flokksþingi. Næstu skref eru síðan innleiðing á þessum breytingum í samstarfi við flokksfólk allt í kringum landið.

Ég vona að þið komið af krafti inn í umræður um þessar tillögur, skiptumst á skoðunum og tekið ákvörðun um næstu skref. Markmiðið er að saman getum við innleitt þær og komið sterkari en nokkru sinni inn í alþingis- og sveitarstjórnarkosningar sem eru framundan á næsta og þarnæsta ári.

Með góðri kveðju

Ásmundur Einar Daðason

Ritari Framsóknar

Efnisyfirlit

1. Skipun starfshóps um innra starf Framsóknar	5
2. Samtal við flokksfólk	7
3. Nýr innri vefur Framsóknar	13
4. Lagabreytingartillögur	14
4.1. Lagabreytingartillaga er varðar aðferðir við val á framboðslistum	14
4.2. Lagabreytingartillaga er varðar kjördæmissambönd, kjördæmisþing og miðstjórnarfundi.	18
4.3. Lagabreytingartillaga er varðar hlutverk kjördæmissambanda	20
4.4. Lagabreytingartillaga er varðar sveitarstjórnarráð	22
4.5. Lagabreytingartillaga er varðar launþegaráð	24
4.6. Lagabreytingartillaga er varðar ábyrgð og hlutverk fræðslu- og kynningarnefndar	25
4.7. Lagabreytingartillaga er varðar fleiri en eitt tungumál á útgefnu efni Framsóknar	26
4.8. Lagabreytingartillaga er varðar lögmæti rafrænna funda	27
4.9. Uppfærsla laga eftir nafnabreytingu á einu þriggja landssambandi flokksins, Kvenna í Framsókn	28
5. Verklag við nýskráningar og andlát flokksfólks	30
5.1. Verklagsreglur um skráningu í Framsóknarflokkinn	30
5.2. Verklag vegna andláts flokksfólks	37
6. Innleiðing og næstu skref	39

1. Skipun starfshóps um innra starf Framsóknar

Til að halda utan um vinnu um þær breytingar sem hérna eru lagðar fram var skipaður sérstakur starfshópur um breytingar á innra starfi flokksins. Ritari flokksins leiddi vinnuna og kallað var eftir tilnefningum frá öllum sérsamböndum flokksins auk kjördæmissambanda, þingflokki, launþegaráði og sveitarstjórnarráði, í hópnum eiga eftirtaldir aðilar sæti:

- Ásmundur Einar Daðason – Ritari Framsóknar
- Þórey Anna Matthíasdóttir – Launþegaráð Framsóknar
- Ásgerður Kristín Gylfadóttir – Sveitarstjórnarráð Framsóknar
- Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir – Samband Ungra Framsóknarmanna
- Guðveig Lind Eyglóardóttir – Konur í Framsókn
- Jóngeir Hjörvar Hlinason – Samband Eldri Framsóknarmanna
- Stefán Vagn Stefánsson – Þingflokkur Framsóknar
- Björn Harðarson – Kjördæmissamband Suðurkjördæmis
- Pálína Margeirsdóttir – Kjördæmissamband Norðausturkjördæmis
- Hafdís Lára Halldórsdóttir – Kjördæmissamband Norðvesturkjördæmis
- Ásgeir Harðarson – Kjördæmissamband Suðvesturkjördæmis
- Jóhanna Hreiðarsdóttir – Kjördæmasamband Reykjavíkur
- Jón Finnbogason – Kjördæmasamband Reykjavíkur

Haldnar voru vinnustofur á miðstjórnarfundi Framsóknar á Ísafirði þar sem farið var ofan í marga mismunandi þætti innra starfs. Í kjölfar þess var hópurinn endurskipaður af landsstjórn vorið 2023 og honum veitt umboð til að starfa og skila af sér tillögum á flokksþingi 2024.

2. Samtal við flokksfólk


Starfshópurinn hefur unnið með að mótun og framlagningu þessara tillagna en haldnir hafa verið alls 12 fjarfundir auk þess sem samtal hefur farið fram á kjördæmisþingum, miðstjórnarfundum og aðalfundum sérsambanda síðastliðin tvö ár.

Fyrri hluti vinnunnar sneri að því að kalla fram hjá flokksfólki hvað það væri sem við þyrftum að huga að varðandi breytingar og var það gert m.a. með borðavinnu á miðstjórnarfundum flokksins á Ísafirði. Í framhaldi af því vann starfshópurinn úr þeim niðurstöðum sem þar komu fram og var vinnunni skipt upp í fimm flokka:

- Stafrænt starf flokksins
- Tenging grasrótar við kjörna fulltrúa
- Efling og aðhald sveitarstjórnarstigsins
- Uppbygging og einingar innan flokksins
- Nýliðun og utanumhald

Eitt af því sem endurspegladist í öllum þessum fimm flokkum og var gegnumgangandi í umræðunni var þörfin fyrir uppfærsla á stafrænum verkfærum flokksins. Það var því strax niðurstaða starfshópsins að þörf væri á eins konar innri vef eða „Mínum síðum“ Framsóknar. Þeim skilaboðum var komið til skrifstofu flokksins og hefur skrifstofan unnið að uppsetningu slíks vefs frá hausti 2023 auk þess að uppfæra vefsíðu flokksins, en skýrt ákall var um það í vinnunni á miðstjórnarfundum á Ísafirði.

Annað var teiknað upp eftir nákvæmara samtal við flokksfólk um hverju þyrfti að breyta en ákveðið var að gera ítarlegri kannanir hvernig breytingar flokksfólk vildi á einstaka þáttum á kjördæmisþingum. Hér að neðan má t.d. sjá spurningar þar sem 124 einstaklingar tóku þátt og svöruðu spurningum varðandi breytt fyrirkomulag og tímasetningar á miðstjórnarfundum.




Hér var einfaldlega spurt hvort flokksfólk teldi þörf á breytingum á því fyrirkomulagi er nú á tímasetningum og eða staðsetningum miðstjórnarfunda og svarmöguleikarnir aðeins Já eða Nei. Þessi spurning var lögð fyrir á öllum kjördæmisþingum sem haldin voru árið 2023. Þarna kemur því skýrt í ljós að ákall er eftir því að breytingar á þessu fyrirkomulagi séu allavega skoðaðar.

Í framhaldi af þessari spurningu var kastað upp nokkrum valmöguleikum um breytingar og voru þeir eftirfarandi:

- Einn rafrænn miðstjórnarfundur á ári
- Rafrænn miðstjórnarfundur að vori á flokksþingsárum
- Kjördæmisþingum flýtt – Haust og vorfundir haldnir fyrir á almanaksárinu
- Haustfundur miðstjórnar yrði haldinn á höfuðborgarsvæðinu


Þátttakendur gátu valið eins marga valmöguleika og þeim hugnaðist, eða þá engan.



Eins og sést á myndinni hér að ofan var mestur stuðningur við að kjördæmisþingum yrði flýtt annars vegar og að haustfundur yrði haldinn á höfuðborgarsvæðinu hins vegar. Minnstan stuðning hlaut valmöguleikinn að annar tveggja miðstjórnarfunda á ári yrði haldinn rafrænn.

Í kjölfar þessara niðurstaðna var staða vinnunnar kynnt á miðstjórnarfundum flokksins í Vík í Mýrdal. Þar var farið yfir þau áform sem hópurinn hafði um breytingar og var síðan vilji flokksfólks til eftirfarandi kannaður:

Breyting á tímasetningum kjördæmisþinga og miðstjórnarfunda



Þarna fengu þau sem mætt voru að velja um að annað hvort flýta kjördæmisþingum eða að haustfundur yrði haldinn á höfuðborgarsvæðinu og vorfundur á í einu landsbyggðarkjördæmanna. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að nokkuð jafnt var á milli þessara tveggja valmöguleika og því endurspeglast það í þeirri lagabreytingatillögu sem er hér aftar í skýrslunni.

Sömuleiðis fóru fram kannanir á kjördæmisþingum um breytt hlutverk kjördæmissambanda. Þar var sett fram opin spurning um hvaða tækifæri fælust í eflingu starfsemi kjördæmissambandanna, hvaða hlutverk gætu þau tekið að sér í auknu mæli og hvernig væri hægt að festa þau í sessi sem einingu í flokksstarfinu.

Meginefni svara við opinni spurningu um breytt hlutverk kjördæmissambanda	Fjöldi
Meira fjármagn	5
Aukin samhæfing og miðla samskiptum milli félaga, sveitarstjórnarfólks og þingmanna	21
Ekki ástæða til breytinga	12
Skýrara og einfaldara hlutverk	3
Meira rafrænt fundahald	4
Meiri sýnileiki (fleiri viðburðir o.fl.)	10
Samræming útlits á miðlum	3

Alls svöruðu 102 þeirri spurningu á kjördæmisþingum og var oftast nefnt að tækifæri fælust í auknu samhæfingarhlutverki, miðlægt viðburðahald innan kjördæmis og miðlunaraðili efnis milli kjörinna fulltrúa, trúnaðarfólks og almenns flokksfólks.

Í framhaldi af þessari vinnu var hafist handa við að móta endanlegar tillögur sem hægt væri að leggja fyrir flokksþing. Þær voru síðan kynntar bæði fyrir landsstjórn og laganefnd flokksins áður en þær voru sendar á flokksfólk.

Bæði er um að ræða lagabreytingartillögur en einnig tillögur að nýju verklagi. Flestar þær tillögur sem lagðar eru hér fram kalla á kraft í innleiðingu hljóti þær brautargengi. Margt mun breytast við innleiðingu „minna síðna“ samt nýrri heimasíðu, þar gefast margvísleg tækifæri til að efla stafrænt starf flokksins og eins, að skapa nýjan vettvang til skoðanaskipta og upplýsingagjafar til flokksfólks.

3. Nýr innri vefur Framsóknar

Eins og fram kom að framan var eitt af þeim atriðum sem fram komu á fyrstu stigum vinnunnar að efla stafræna starfsemi flokksins. Þeim ábendingum var strax komið til skrifstofu flokksins. Að lokinni ákveðinni greiningarvinnu var lagt til að komið yrði upp sérstökum innri vef flokksins.

Formaður flokksins lagði í framhaldi til við framkvæmdastjórn að setja fjármuni í uppbyggingu á slíkum vef. Gert er ráð fyrir að þessi vefur verði opnaður formlega á næstu vikum og að hann verði kominn að fullu í gagnið næsta vetur.

Innri vefur Framsóknar mun m.a. fela eftirfarandi í sér:

- Félagakerfi sem mætir kröfum nútímans og tryggir skilvirkni og öryggi í félagsstarfinu.
- Mögulegt verður að tengjast mínum síðum gegnum innskráningu með rafrænum skilríkjum.
- Allir félagsmenn munu hafa aðgengi að lykilupplýsingum sem hægt er að uppfæra og breyta.
- Allt ferli fyrir skráningar í og úr flokknum verður rafræn og þar með verður öll uppfærsla á félagatali sjálfvirk.
- Kerfið mun bjóða uppá sjálfvirknivæðingu í tilkynningum til flokksmanna.
- Mögulegt verður að skilgreina hlutverk félagsmanna, allt utanumhald á einum stað.
- Lykil trúnaðarmenn hafa heimildir til að sjá og senda skilaboð, fréttir ofl. á skilgreinda hópa úr félagatali. Mögulegt að uppfæra upplýsingar í kerfinu og fara í átak m.a. við söfnun netfanga o.fl.
- Gefur fjölda annarra tækifæra tækifæri í kosningabaráttu og átaksverkefnum
- Styrktarmannakerfið færtil nútímans og felur í sér mikil tækifæri til eflingar og auðveldara utanumhald um fjáraflanir.

4. Lagabreytingartillögur

Allmargar lagabreytingartillögur eru lagðar fram á þessu flokksþingi. Þær eru lagðar fram í nafni ritara flokksins en eru mótaðar og unnar í samvinnu við vinnuhóp um innrastarf og hafa verið kynntar í landsstjórn flokksins áður en þær voru lagðar fram.

4.1. Lagabreytingartillaga er varðar aðferðir við val á framboðslistum

Lög flokksins gera ráð fyrir því að kjördæmasambönd geti valið um fimm mismunandi leiðir til uppstillingar á framboðslista fyrir alþingiskosningar, þessar aðferðir eru: Póstkosning; lokað prófkjör; tvöfalt kjördæmisþing; uppstilling; opið prófkjör. Jafnframt er gert ráð fyrir því að Landsstjórn flokksins setji frekari reglur um alla þessa valkosti og leggi fyrir miðstjórn í aðdraganda alþingiskosninga.

Vorið og sumarið 2010 fór fram talsverð umræða í Framsóknarflokknum um það hvort og hvernig bæri að endurskoða skipulag og innra starf flokksins í kjölfar mjög mikilla breytinga í samfélagsumhverfi og pólitísku landslagi.

Meðal annars tók þessi umræða á sig form þriggja tillagna til landsstjórnar frá tveimur stofnunum flokksins, þar sem hvatt var til endurskoðunar á skipulagi og starfsháttum. Þessar tillögur komu frá Landsambandi Framsóknarkvenna og tvær tillögur komu frá miðstjórn. Niðurstaða landsstjórnar eftir umfjöllun um þessar tillögur var sú að skipa 11 manna skipulagsnefnd.

Hlutverk skipulagsnefndar var að undirbúa og standa að Samvinnufundi Framsóknarfólks um skipulag og starf flokksins og að kalla eftir meginsjónarmiðum og áherslum um starf og skipulag flokksins og lögum. Allir flokksbundnir Framsóknarmenn sem skráðir voru í flokkinn fyrir 1. september 2010 gátu tekið þátt í starfi fundarins. Við skipulag fundarins var horft til fyrirkomulags þjóðfundarins og/eða íbúáþinga, þar sem málefnavinna fer fram í minni hópum til að tryggja þátttöku og aðkomu sem flestra framsóknarmanna að hugmyndavinnunni. Á flokksþingi 2011 var lögð

fram skýrsla skipulagsnefndar og hafði hún að geyma tillögur nefndarinnar og Samvinnufundarins um stjórn og skipulag flokksins, þ.m.t. drög að nauðsynlegum lagabreytingum og verklagsreglum.

Umræðan og tillögurnar sem komu frá Samvinnufundinum sýndu fram á að flokksmenn vildu aukna festu í framboðsmálum og takmarka líkur á því að upp komi ágreiningur í kjölfar uppröðunar á framboðslista. Nokkur grundvallaratriði sem skipta máli í þessu sambandi eru: Það séu jöfn tækifæri fyrir alla til að bjóða sig fram, félagsmenn hafi raunhæfa möguleika á að hafa áhrif, þeir einir hafi áhrif á valið sem eðlilegt er að hafi áhrif, sátt um ferlið og væntanlegar niðurstöður, það sé samræmi milli vals frambjóðenda og almennrar stefnumörkunar flokksins.

Nefndin fór yfir þessi mál í ljósi umræðunnar og gerði ýmsar tillögur til breytinga á lögum flokksins. Var niðurstaðan að sérstakur kafli um framboðsmálin yrði færður inn í lög flokksins. Þannig var skapaður ákveðnari rammi en áður um framboðsmálin og tryggt samræmi milli kjördæma og yfir lengri tíma. Frá árinu 2011 hefur því regluverk flokksins haft að geyma skýrt skilgreindar leiðir við uppröðun á framboðslista og alla fresti og dagsetningar liggja fyrir varðandi bæði kjörgengi og kosningarétt í flokknum.

Þrátt fyrir að stutt sé síðan þetta var þá hafa orðið umtalsverðar framfarir er varðar tæknimál og því er mikilvægt að setja inn ákvæði sem heimili rafræna aðferð við val á framboðslistum. Jafnframt hafa komið upp athugasemdir er varða póstkosningu og að sú aðferð sé mjög kostnaðarsöm. Því er lögð til sú lagabreyting að taka út heimild til póstkosninga við val á framboðslistum og leggja þess í stað til að setja inn heimild til rafrænna kosninga. Áfram verði gert ráð fyrir öðrum aðferðum við val á framboðslista.

Sé þessi breyting samþykkt þá skulu kjördæmissambönd aðlaga sínar reglur í samræmi.

Lagt er til að greinar í kafla 5 breytist með eftirfarandi hætti:

Skipta út „póstkosning“ sem aðferð við val á framboðslista fyrir „rafræna kosningu“ úr grein 5.1 úr 5.. Það á einnig við um grein 5.3 í lið b.

Grein 5.1. eins og hún stendur nú:

Við alþingiskosningar skal kjördæmissamband bjóða fram lista Framsóknarflokksins í sínu kjördæmi. Heimilt er þó, ef eitt kjördæmissamband starfar í Reykjavík, að það bjóði fram á sínum vegum lista Framsóknarflokksins bæði í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og Reykjavíkurborg kjördæmi suður. Kjördæmisþing sér um framkvæmd vals og gengur frá framboðslista. Reglur um framboð eiga að liggja fyrir a.m.k. 6 mánuðum fyrir reglulegar alþingiskosningar. Reglur um val frambjóðenda geta verið af fimm gerðum: Póstkosning; lokað prófkjör; tvöfalt kjördæmisþing; uppstilling; opið prófkjör. Landsstjórn Framsóknarflokksins setur samræmdar reglur sem gilda um alla valkosti í öllum kjördæmum um val vegna framboða til Alþingis og leggur fyrir miðstjórn til samþykktar. Kjörskrá skal lokað 30 dögum fyrir valdag. Framboðsfrestur rennur út 15 dögum fyrir valdag.

Við óreglulegar Alþingiskosningar skulu reglur um framboð liggja fyrir 10 dögum eftir þingrof, kjörskrá vegna vals skal lokað 14 dögum eftir þingrof og framboðsfrestur vegna vals rennur út 14 dögum eftir þingrof.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Við alþingiskosningar skal kjördæmissamband bjóða fram lista Framsóknarflokksins í sínu kjördæmi. Heimilt er þó, ef eitt kjördæmissamband starfar í Reykjavík, að það bjóði fram á sínum vegum lista Framsóknarflokksins bæði í Reykjavíkurborg kjördæmi norður og Reykjavíkurborg kjördæmi suður. Kjördæmisþing sér um framkvæmd vals og gengur frá framboðslista. Reglur um framboð eiga að liggja fyrir a.m.k. 6 mánuðum fyrir reglulegar alþingiskosningar. Reglur um val frambjóðenda geta verið af fimm gerðum: ~~Póstkosning~~**Rafræn kosning**; lokað prófkjör; tvöfalt kjördæmisþing; uppstilling; opið prófkjör. Landsstjórn

Framsóknarflokksins setur samræmdar reglur sem gilda um alla valkosti í öllum kjördæmum um val vegna framboða til Alþingis og leggur fyrir miðstjórn til samþykktar. Kjörskrá skal lokað 30 dögum fyrir valdag. Framboðsfrestur rennur út 15 dögum fyrir valdag.

Við óreglulegar Alþingiskosningar skulu reglur um framboð liggja fyrir 10 dögum eftir þingrof, kjörskrá vegna vals skal lokað 14 dögum eftir þingrof og framboðsfrestur vegna vals rennur út 14 dögum eftir þingrof.

Grein 5.3. eins og hún stendur nú:

Við framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga gildir eftirfarandi:

- a) Fulltrúaráð/félagsfundur í hverju sveitarfélagi skal ákveða framboð og aðferð við röðun lista.
- b) Reglur um val frambjóðenda geta verið af fjórum gerðum: Póstkosning; lokað prófkjör; uppstilling; opið prófkjör. Landsstjórn Framsóknarflokksins setur samræmdar reglur sem gilda um alla valkosti í öllum sveitarfélögum. Kjörskrá skal lokað 30 dögum fyrir valdag. Framboðsfrestur rennur út 15 dögum fyrir valdag.
- c) Þar sem fulltrúaráð/framsóknarfélög ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag skal atkvæðisréttur um framboð aðeins heimill þeim, sem lögheimili eiga innan þess sveitarfélags, sem kjósa skal í.
- d) Ef Framsóknarflokkurinn myndar framboð með öðrum flokki/flokkum eða samtökum skal fulltrúaráð/félagsfundur framsóknarfélags setja reglur um það hvernig staðið er að slíku samstarfi við aðra flokka eða samtök í sveitarstjórn.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Við framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga gildir eftirfarandi:

- a) Fulltrúaráð/félagsfundur í hverju sveitarfélagi skal ákveða framboð og aðferð við röðun lista.
- b) Reglur um val frambjóðenda geta verið af fjórum gerðum:
~~Póstkosning~~Rafræn kosning; lokað prófkjör; uppstilling; opið prófkjör. Landsstjórn Framsóknarflokksins setur samræmdar reglur sem gilda um alla valkosti í öllum sveitarfélögum. Kjörskrá skal lokað 30 dögum fyrir valdag. Framboðsfrestur rennur út 15 dögum fyrir valdag.

- c) Þar sem fulltrúaráð/framsóknarfélög ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag skal atkvæðisréttur um framboð aðeins heimill þeim, sem lögheimili eiga innan þess sveitarfélags, sem kjósa skal í.
- d) Ef Framsóknarflokkurinn myndar framboð með öðrum flokki/flokkum eða samtökum skal fulltrúaráð/félagsfundur framsóknarfélags setja reglur um það hvernig staðið er að slíku samstarfi við aðra flokka eða samtök í sveitarstjórn.

4.2. Lagabreytingartillaga er varðar kjördæmissambönd, kjördæmisþing og miðstjórnarfundi.

Eftir umræður og kannanir meðal flokksfólks á kjördæmisþingum, innan sérsambanda, á miðstjórnarfundum o.fl. þar sem þessi mál hafa verið til umfjöllunar frá síðasta flokksþingi eru lagðar til breytingar á tímasetningum kjördæmisþinga og miðstjórnarfunda. Þetta er gert til þess að mæta þeim röddum sem heyrst hafa undanfarin tvö ár, ekki var einhugur um breytinguna í hópnum, en einhugur var um að leggja breytinguna fram á flokksþingi, hún yrði rædd og um hana kosið.

Samkvæmt könnun sem gerð var á kjördæmisþingum haustið 2023 voru 75% þeirra sem tóku afstöðu sem vildu sjá einhverjar breytingar á tímasetningum og eða skipulagi miðstjórnarfunda. Í framhaldi af því var spurt hvaða breytingar gætu hugnast flokksfólki, 64% þeirra sem tóku afstöðu hökuðu við valmöguleikann að haustfundir miðstjórnar yrðu haldnir á höfuðborgarsvæðinu en í landsbyggðarkjördæmum að vori. Þá voru 70% sem hökuðu við að kjördæmisþingum yrði flýtt svo hægt yrði að halda miðstjórnarfundi fyrr.

Einnig var kannaður áhugi á því að annar miðstjórnarfundir yrðu rafrænir einu sinni á ári og skyldu haldnir sem staðfundir í hitt skiptið. Hvort kjördæmisþing ættu að vera rafræn að undanskildu kosningarári o.fl. Ljóst er að lítill stuðningur var meðal flokksmanna við þessar hugmyndir og því var ekki unnið með þær áfram.

Því er lagt er til að festa í lög flokksins að kjördæmisþing skuli haldin að vori og að miðstjórnarfundir að vori skuli vera í framhaldi af þessum þingum. Einnig er lagt til að miðstjórnarfundir skuli að vori skuli haldnir í einu landsbyggðarkjördæmanna en miðstjórnarfundir að hausti skuli haldnir á höfuðborgarsvæðinu. Við þetta bætist setning um að framkvæmdastjórn hafi leyfi til þess að fella niður miðstjórnarfund að vori á flokksþingsárum, og að dagskrá þess fundar færist þá til hausts, og yrði sá fundur haldinn í einu landsbyggðarkjördæmanna.

Í starfshópi um lagabreytingar var samstaða um að í framhaldi af þessari umræðu væri eðlilegt að leggja til breytingar. Þær eru með það að markmiði að kjördæmisþing verði haldin að vori í stað hausts. Miðstjórnarfundir að vori verði síðan haldnir í framhaldi af þessum kjördæmisþingum. Þessi miðstjórnarfundir skuli haldnir í einu landsbyggðarkjördæmanna en haustfundur miðstjórnar skuli haldnir á höfuðborgarsvæðinu.

Sé þessi lagabreyting samþykkt skal hún taka gildi fyrir árið 2025.

Lagt er til að greinar í kafla 4 og 10 breytist með eftirfarandi hætti:

Grein 4.2. eins og hún stendur nú:

Kjördæmissamband skal halda fulltrúafund – kjördæmisþing fyrir 15. nóvember ár hvert. Ársreikningur kjördæmissambands skal berast skrifstofu fyrir 15. maí ár hvert staðfestur af stjórn og skoðunarmönnum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Kjördæmissamband skal halda fulltrúafund – kjördæmisþing fyrir 15. apríl ár hvert og að minnsta kosti einn upplýsingafund, með þingmönnum kjördæmis á hverjum þingvetri. Ársreikningur kjördæmissambands skal berast skrifstofu fyrir 15. maí ár hvert staðfestur af stjórn og skoðunarmönnum.

Grein 10.3. eins og hún stendur nú:

Miðstjórn skal boðuð til fundar tvisvar á ári, vor og haust með 30 daga fyrirvara. Þó er heimilt að boða til auka fundar miðstjórnar með skemmri fyrirvara. Á haustfundi skal taka félagsstarf flokksins á komandi starfsári sérstaklega til umræðu. Aðrir fundir miðstjórnar skulu haldnir þegar landsstjórn flokksins ákveður og eru þeir löglegir ef þar mætir meirihluti miðstjórnarmanna. Einnig er skylt að boða til miðstjórnarfundar ef þriðjungur miðstjórnarmanna krefst þess skriflega.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Miðstjórn skal boðuð til fundar tvisvar á ári, vor og haust með 30 daga fyrirvara. Vorfundir skulu haldnir í einu landsbyggðarkjördæmanna í framhaldi af kjördæmaþingum en haustfundir skulu vera haldnir á höfuðborgarsvæðinu. Þó er heimilt að boða til auka fundar miðstjórnar með skemmri fyrirvara. Á vorfundi skal taka félagsstarf flokksins til umræðu. Aðrir fundir miðstjórnar skulu haldnir þegar landsstjórn flokksins ákveður og eru þeir löglegir ef þar mætir meirihluti miðstjórnarmanna. Einnig er skylt að boða til miðstjórnarfundar ef þriðjungur miðstjórnarmanna krefst þess skriflega. Það ár sem flokksþing er haldið hefur framkvæmdastjórn heimild til að fella niður vorfund miðstjórnar og færa umræðu um félagsstarf flokksins fram til haustfundar og sá fundur þá haldinn í einu landsbyggðarkjördæmanna.

4.3. Lagabreytingartillaga er varðar hlutverk kjördæmissambanda

Á öllum stigum vinnu starfshóps um innra starf hefur starfsemi kjördæmissambanda komið til umræðu. Það séu vannýtt tækifæri í starfsemi kjördæmissambanda og því hlutverki sem þau gætu sinnt.

Bæði var rætt um kjördæmisþing, mætingu og virkni á þeim en einnig starfsemi sambandanna þar á milli, fjáröflun og hlutverk þeirra í raun. Ákveðinn samhljómur fannst, bæði í hópnum og á kjördæmisþingum og

öðrum fundum um að kjördæmissambönd, sem eining innan inn flokksins gætu sinnt veigameira hlutverki en þau gera nú.

Á kjördæmisþingum sem haldin voru 2023 var þeirri spurningu varpað fram hvað flokksfólk gæti hugsað sér að sjá kjördæmissamböndin gera í meira mæli. Þar voru algengustu svörin aukið samhæfingarhlutverk innan kjördæmis, aukið frumkvæði að fundum innan síns kjördæmis og vera sýnilegri sem eining innan flokksins.

Í því samhengi þegar aukið samhæfingarhlutverk sem kjördæmissamböndin geta tekið að sér, hefur verið nefnt gott starf sem hefur verið unnið í suðvestur kjördæmi til dæmis þar sem stjórn kjördæmissambandsins hefur staðið fyrir sveitarstjórnarráðstefnu flokksfólks í kjördæminu, og núna síðast var Reykvíkingum einnig boðið.

Í samhæfingarstarfi getur falist að standa fyrir viðburðum, samtali og skoðanaskiptum innan kjördæmis. Sem dæmi um slíkt mætti nefna: Rafræni kjördæmafundir eins og hafa verið haldnir í Norðaustur sem og Norðvestur, sveitarstjórnarráðstefnur eins og nefndar voru áður, formannafundir félaga kjördæmisins, upplýsingamiðlun inn á mínum síðum, utanumhald um samráð allra kjörinna fulltrúa kjördæmis við flokksfólk og svo almennt skemmtanahald og samhringingar á borð við sumargrill, þorrablót, góugleði, sumarferð, golfmót, stjórnámálaskóla, bingó, framsóknarvist og átthagakvöld.

Að sama skapi getur verið hættulegt að ganga of langt í að binda niður í smáatriði framkvæmd starfsins í lög. Í þessari tillögu er því sem talað er um hér að ofan gefið aukið vægi í lagagrein um starf kjördæmissambandanna.

Þetta þýðir engu að síður að aðal vinnan er eftirfylgni og innleiðing.

Hluti af þessari aðgerð er að flokkskrifstofa mun gefa út uppfærða rafræna handbók um flokksstarf sem nýst getur við ýmist starf kjördæmissambanda, hýsta á mínum síðum flokksins.

Lagt er til að grein í kafla 4 breytist með eftirfarandi hætti:

Grein 4.1. eins og hún stendur nú:

Aðildarfélag í hverju kjördæmi hafa með sér samband, kjördæmissamband. Kjördæmissambönd hafa umsjón með og frumkvæði að flokksstarfi í sínu kjördæmi. Heimilt er þó að eitt kjördæmissamband starfi fyrir bæði Reykjavíkurborg kjördæmi norður og Reykjavíkurborg kjördæmi suður.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Aðildarfélag í hverju kjördæmi hafa með sér samband, kjördæmissamband.

Kjördæmissambönd skulu hafa umsjón með og frumkvæði að fundum kjörinna fulltrúa, trúnaðarfólks flokksins og almenns flokksfólks í viðkomandi kjördæmi sem og öðru flokksstarfi. ~~Kjördæmissambönd hafa umsjón með og frumkvæði að flokksstarfi í sínu kjördæmi.~~ Heimilt er þó að eitt kjördæmissamband starfi fyrir bæði Reykjavíkurborg kjördæmi norður og Reykjavíkurborg kjördæmi suður.

4.4. Lagabreytingartillaga er varðar sveitarstjórnarráð

Sveitarstjórnarfélag Framsóknar fjölgaði umtalsvert í síðustu kosningum. Alls eru 108 flokksbundið framsóknarfólk kjörið í sveitarstjórnir landsins.

Kosningasigur flokksins á sveitarstjórnarstiginu 2022 var einstakur og sú fjölgun sem varð á sveitarstjórnarfulltrúum okkar hreint út sagt mögnuð.

Gerðar hafa verið umtalsverðar breytingar á liðnum árum til að styrkja stöðu sveitarstjórnarráðs. Fulltrúar í miðstjórn, sér kafla í lög flokksins, kosning sveitarstjórnarráðs o.fl.

Talsverð umræða skapaðist í undirbúningshópi að breytingum á innra starfi og að ganga þyrfti enn lengra í að styrkja það sem lítur að sveitarstjórnarstarfi flokksins. Í því sambandi voru ýmsar hugmyndir ræddar bæði er varðar aukna miðlæga kynningu á málefnum sem tengjast sveitarstjórnarstigi en einnig að styrkja þyrfti þetta starf enn frekar með lagabreytingum. Eftir kynningar og samtöl á kjördæmisþingum og undanförunum miðstjórnarfundum er lagt til að festa í lög flokksins að gerð verði sérstök starfsáætlun fyrir sveitarstjórnarráð flokksins sem kynnt verði á miðstjórnarfundi að vori og samhliða því verði í tengslum við miðstjórnarfund haldin sérstök ráðstefna um sveitarstjórnarmál annað hvert ár.

Lagt er til að við 7. Kafla er varðar sveitarstjórnarráð bætist ný grein 7.6 sem orðist eins og hér segir:

7.6.

Sveitarstjórnarráð skal leggja fram starfsáætlun sem sé kynnt og rædd á miðstjórnarfundi að vori. Sveitarstjórnarráð stendur fyrir ráðstefnu um sveitarstjórnarmál tvisvar á kjörtímabili sveitarstjórna.

4.5. Lagabreytingartillaga er varðar launþegaráð

Mikilvægi tengingar Framsóknar við launþegahreyfingu landsins er óumdeild. Hana þarf að styrkja og er ein leið til þess að efla launþegaráð enn frekar í sínu starfi.

Lagður til sá farvegur að sterkari tengslum við aðila vinnumarkaðarins með árlegum umræðu- og samráðsfundi launþegaráðs, kjörinna fulltrúa flokksins og aðila vinnumarkaðarins.

Lagt er til að greinar í kafla 8 breytist með eftirfarandi hætti:

Grein 8.2 eins og hún stendur nú:

Tilgangur launþegaráðs er að efla hlut launþega innan Framsóknarflokksins, vera til ráðuneytis innan flokksins um málefni launafólks og auka samstarf á meðal þeirra Framsóknarmanna sem starfa innan launþegahreyfingarinnar.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Tilgangur launþegaráðs er að efla hlut launþega innan Framsóknarflokksins, vera til ráðuneytis innan flokksins um málefni launafólks og auka samstarf á meðal þeirra Framsóknarmanna sem starfa innan launþegahreyfingarinnar.

[Stjórn launþegaráðs skal árlega halda fund með kjörnum fulltrúum Framsóknar og aðilum vinnumarkaðarins.](#)

4.6. Lagabreytingartillaga er varðar ábyrgð og hlutverk fræðslu- og kynningarnefndar

Í aðdraganda flokksþings hefur verið kallað eftir bættu upplýsingaflæði innan flokks auk þess sem hlutverk fræðslu- og kynningarnefndar hefur verið til umræðu.

Til að mæta þessum sjónarmiðum er lagt til að hlutverk nefndarinnar sé uppfært í lögum flokksins og hún fái aukna ábyrgð og hlutverk þegar kemur að upplýsingamiðlun innan flokks.

Með þessu móti fær nefndin umboð og á hana falla einnig ríkari kröfur um eflingu upplýsingamiðlunar innan Framsóknar.

Lagt er til að grein í kafla 8 breytist með eftirfarandi hætti:

Grein 10.5. eins og hún stendur nú:

Innan miðstjórnar starfar fræðslu- og kynningarnefnd. Hana skipa formaður sem framkvæmdastjórn skipar og fjórir meðstjórnendur skv. a-lið gr. 10.4. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja og hafa umsjón með framkvæmd kynningar- og fræðslumála Framsóknarflokksins. Nefndin skal flytja skýrslu um störf sín á haustfundi miðstjórnar ár hvert.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Innan miðstjórnar starfar fræðslu- og kynningarnefnd. Hana skipa formaður sem framkvæmdastjórn skipar og fjórir meðstjórnendur skv. a-lið gr. 10.4.

Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja og hafa umsjón með framkvæmd kynningar- og fræðslumála Framsóknarflokksins og skal hún sérstaklega

~~leggja áherslu á upplýsingamiðlun innan flokksins. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja og hafa umsjón með framkvæmd kynningar og fræðslumála Framsóknarflokksins.~~ Nefndin skal flytja skýrslu um störf sín á haustfundi miðstjórnar ár hvert.

4.7. Lagabreytingartillaga er varðar fleiri en eitt tungumál á útgefnu efni

Framsóknar

Talsverðar breytingar hafa orðið á samsetningu þjóðarinnar og í dag er stór hluti hennar einstaklingar með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn. Mikilvægt er að allir geti kynnt sér efni flokksins og því er lagt til að aðgengi að grunnskjöllum Framsóknar verði tryggt á að lágmarki tveimur tungumálum. Einnig er lagt til að skrifstofa flokksins leggi sig fram við að gera allt annað útgefið efni aðgengilegt, það getur verið með ýmsum leiðum, svo sem að ný heimasíða verði auðþýdd með þartilgerðum forritum, eins og Google translate.

Lagt er til að ný grein 15.11 bætist við lög flokksins. Jafnframt er lagt til að núverandi grein 15.11 innan 15. Kafla laganna verði grein 15.12 o.s.frv. Þessi nýja grein orðist eins og hér segir:

15.11

Lög og stefnuskrá Framsóknar skulu vera aðgengileg á að a.m.k. tveimur tungumálum, það skal skrifstofa Framsóknar leitast við að tryggja um annað efni flokksins.

4.8. Lagabreytingartillaga er varðar lögmæti rafrænna funda

Eftirfarandi breytingartillaga við 15. kafla er lögð fram til að taka af allan vafa um lögmæti rafrænna funda og þinga, að undanskildu flokksþingi Framsóknar.

Lagt er til að grein í kafla 15 breytist með eftirfarandi hætti:

Grein 15.3. eins og hún stendur nú:

Heimilt er að halda fundi með rafrænum hætti. Félagsmenn skulu auðkenna sig með rafrænum skilríkum komi til atkvæðagreiðslu.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Heimilt er að halda alla fundi og þing samkvæmt lögum þessum, að undanskildu flokksþingi -með rafrænum hætti nema utanaðkomandi aðstæður svo sem náttúruhamfarir eða annað slíkt komi í veg fyrir að mögulegt sé að halda flokksþing í eigin persónu. Félagsmenn skulu auðkenna sig með rafrænum skilríkum komi til atkvæðagreiðslu.

4.9. Uppfærsla laga eftir nafnabreytingu á einu þriggja landssambandi flokksins, Kvenna í Framsókn

Á landsþingi Kvenna í framsókn var samþykkt nýtt nafn; Konur í Framsókn, eftir farandi lagabreytingar eru uppfærsla á lögum í samræmi við það.

Lagt er til að greinar í kafla 6, 11 og 15 breytist með eftirfarandi hætti:

Grein 6.1. eins og hún stendur nú:

Innan Framsóknarflokksins starfa þrjú landssambönd. Samband ungra framsóknarmanna (SUF), Landssamband framsóknarkvenna (LFK) og Samband eldri Framsóknarmanna (SEF). Hlutverk landssambandanna er að efla og samræma starf aðildarfélaga sinna og auka þátttöku í flokksstarfi.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Innan Framsóknarflokksins starfa þrjú landssambönd. Samband ungra framsóknarmanna (SUF), ~~Landssamband framsóknarkvenna (LFK)~~ Konur í Framsókn og Samband eldri Framsóknarmanna (SEF). Hlutverk landssambandanna er að efla og samræma starf aðildarfélaga sinna og auka þátttöku í flokksstarfi.

Grein 11.1. eins og hún stendur nú:

Framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins skipa formaður flokksins, varaformaður, ritari, formaður þingflokks og formenn SUF, LFK og SEF. Framkvæmdastjórn fer með umboð miðstjórnar milli miðstjórnarfunda.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins skipa formaður flokksins, varaformaður, ritari, formaður þingflokks og formenn SUF, ~~LFK og SEF~~ [og Kvenna í Framsókn](#). Framkvæmdastjórn fer með umboð miðstjórnar milli miðstjórnarfunda.

Grein 11.4. eins og hún stendur nú:

Jafnréttisfulltrúi heyrir undir landsstjórn Framsóknarflokksins og kynnir henni árlega stöðu jafnréttismála í flokknum. Jafnréttisfulltrúi er jafnframt formaður jafnréttisnefndar sem skipuð er fulltrúa þingflokks, LFK og SUF auk framkvæmdastjóra.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Jafnréttisfulltrúi heyrir undir landsstjórn Framsóknarflokksins og kynnir henni árlega stöðu jafnréttismála í flokknum. Jafnréttisfulltrúi er jafnframt formaður jafnréttisnefndar sem skipuð er fulltrúa þingflokks, ~~LFK~~ [Kvenna í Framsókn](#) og SUF auk framkvæmdastjóra.

Grein 15.9. eins og hún stendur nú:

Við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins sem og við val á framboðslista hans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40% nema þegar gagnsæjar og augljósar ástæður eru því til fyrirstöðu. Jafnréttisnefnd og LFK skulu eftir þörfum vera til ráðgjafar um að ná markmiði þessu fram.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins sem og við val á framboðslista hans skal hlutur hvors kyns ekki vera lægri en 40% nema þegar gagnsæjar og augljósar ástæður eru því til fyrirstöðu. Jafnréttisnefnd og ~~LFK~~ [Konur í Framsókn](#) skulu eftir þörfum vera til ráðgjafar um að ná markmiði þessu fram.

5. Verklag við nýskráningar og andlát flokksfólks

5.1. Verklagsreglur um skráningu í Framsóknarflokkinn

Úr 2. kafla laga Framsóknar

- Félagi í Framsóknarflokki getur hver sá einstaklingur, 16 ára á árinu og eldri, (félagsgjöld greiddast af félagsmönnum 18 ára og eldri) orðið sem samþykkir grundvallarstefnuskrá flokksins og er ekki félagi í öðrum stjórnarálflokki.
- Inntökubeiðnir í flokkinn og úrsagnir úr honum skulu tilkynntar skriflega eða með rafrænum hætti. Beiðni um inntöku eða úrsögn er því aðeins gild að hún sé undirrituð eigin hendi eða send rafrænt af þeim einstaklingi sem óskar inngöngu. Netfang einstaklings jafngildir undirritun eigin hendi ef um rafræna skráningu er að ræða. Allar inntökubeiðnir og úrsagnir skal tilkynna til skrifstofu Framsóknarflokksins. Tilkynning skrifstofunnar um skráningu gildir sem staðfesting á inngöngu og/eða úrsögn.
- Þegar inntökubeiðni berst skrifstofu flokksins er fyllt út þar til gert eyðublað þar sem fram koma upplýsingar: fullt nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang, áhugasvið og annað sem inntökubeiðnin hefur að geyma. Skal þess gætt að viðkomandi fylli sjálfur út inntökubeiðnina og undirriti hana að því loknu. Berist inntökubeiðni með rafrænum hætti um netið skal einstaklingi strax send tilkynning um það að inntökubeiðni hafi borist flokki, í henni hafi verið tilteknar upplýsingar og skulu þá taldar upp þær upplýsingar sem koma fram í inntökubeiðninni. Spurt er hvort framkomnar upplýsingar séu réttar og einstaklingur beðinn um að staðfesta

þær. Að þeirri staðfestingu fenginni er einstaklingi send staðfesting á inngöngu í Framsóknarflokksins.

- Félagsmaður skal skráður í aðildarfélag í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili nema annars sé sérstaklega óskað, s.s. vegna skólagöngu eða atvinnu. Þrátt fyrir að félagsmaður geti verið skráður í aðildarfélag í öðru sveitarfélagi en hann er búsettur í skal atkvæðisréttur við frambjóðendaval fyrir alþingis- og sveitarstjórnarkosningar fara eftir lögheimili. Ef í sveitarfélagi er starfandi fleiri en eitt aðildarfélag, sem félagsmaður getur átt aðild að, skal gefa honum kost á að velja á milli þeirra.
- Félagaskrá flokksskrifstofunnar ræður kjörgengi og atkvæðisrétti félagsmanna. Atkvæðisrétt á aðalfundi eða við frambjóðendaval hafa þeir sem hafa skráð sig í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir aðalfund/frambjóðendaval samkvæmt félagatali á skrifstofu flokksins. Hver félagsmaður getur aðeins verið skráður í eitt aðildarfélag en er heimilt að taka þátt í félagsstörfum í fleiri en einu aðildarfélagi.
- Þegar félagsmaður flytur lögheimili sitt af félagssvæði þess aðildarfélags, sem hann á aðild að, verður hann sjálfkrafa félagi í því aðildarfélagi sem starfandi er þar sem hann flytur til nema annars sé sérstaklega óskað. Ef fleiri en eitt aðildarfélag eru starfandi í því sveitarfélagi, sem félagsmaður getur átt aðild að, skal gefa félagsmanni kost á að velja á milli þeirra.
- Óski félagsmaður eftir því að skipta um aðildarfélag og hafi heimild til þess samkvæmt lögum þessum skal senda beiðni um slíkt skriflega eða með rafrænum hætti til skrifstofu flokksins. Beiðnin er því aðeins gild að hún sé undirrituð eigin hendi eða send rafrænt af þeim einstaklingi sem óskar að skipta um aðildarfélag.

- Félagsmaður í félagi ungs fólks má ekki eiga aðild að því lengur en út almanaksárið sem hann verður 35 ára. Eftir það verður félagsmaður sjálfkrafa aðili að því aðildarfélagi sem starfar í því sveitarfélagi þar sem félagsmaður á lögheimili eða hefur fasta búsetu meirihluta árs nema félagsmaður óski annars. Ef fleiri en eitt aðildarfélag eru starfandi í því sveitarfélagi, sem félagsmaður getur átt aðild að, skal gefa félagsmanni kost á að velja á milli þeirra.

Eftirfylgni:

Póstur sendur sem er sniðinn eftir eftirfarandi mengjum.

- Aldrei og kyni (SUF, SEF, Konur)
- Félagi

* Í lok hverrar viku er tekinn saman listi yfir nýja meðlimi og honum komið áfram til forystu flokksins og formanna sérsambanda.

* Formenn sérsambanda sníða póst og kynna viðkomandi fyrir starfinu, nánar en í almennu kynningarbréfi.

1. Takk fyrir að skrá þig í framsókn - tillaga að nýjum texta.

Komdu sæll/sæl (nafn)

Kærar þakkir fyrir skráninguna!

Inntökubeiðnin hefur nú verið skráð og þú ert hér með boðin/n hjartanlega velkomin/n í Framsókn. Í flokksstarfinu hefur þú tækifæri til að koma skoðunum og hugmyndum þínum á framfæri og að hafa áhrif á umhverfi þitt og samfélagið. Flokksstarfið er enn fremur vettvangur til að láta rödd þína heyrast og öðlast reynslu sem mun verða þér dýrmæt.

Félagsstarf Framsóknar er virkt og margvíslegt, en hægt er að nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar á heimasíðu flokksins – www.framsokn.is

Einnig er virkur vettvangur upplýsingamiðlunar og samtals á Facebook síðu flokksins sem og á vefsvæði Framsóknarfólks -

<https://www.facebook.com/groups/344466746024204>

[Texti varðandi félagsstarf viðkomandi félags eftir því hvar viðkomandi er skráður]

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða ábendingar endilega hafðu þá samband.

Bestu kveðjur,

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, varaformaður

Ásmundur Einar Daðason, ritari

2. Takk fyrir að skrá þig í framsókn - tillaga að nýjum texta fyrir aðila 16-35 ára (SUF)

Komdu sæll/sæl (nafn)

Kærar þakkir fyrir skráninguna!

Inntökubeiðnin hefur nú verið skráð og þú ert hér með boðin/n hjartanlega velkomin/n í Framsókn. Í flokksstarfinu hefur þú tækifæri til að koma skoðunum og hugmyndum þínum á framfæri og að hafa áhrif á umhverfi þitt og samfélagið. Flokksstarfið er enn fremur vettvangur til að láta rödd þína heyrast og öðlast reynslu sem mun verða þér dýrmæt.

Félagsstarf Framsóknar er virkt og margvíslegt, en hægt er að nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar á heimasíðu flokksins – www.framsokn.is

Einnig er virkur vettvangur upplýsingamiðlunar og samtals á Facebook síðu flokksins sem og á vefsvæði Framsóknarfólks -

<https://www.facebook.com/groups/344466746024204>

[Texti varðandi félagsstarf eftir því hvar viðkomandi er skráður]

Vegna þess að þú ert á aldursbilinu 16-35 ára ertu sjálfkrafa skráð/ur í ungliðahreyfingu flokksins: Samband ungra Framsóknarmanna (SUF). SUF er virk ungliðahreyfing með viðburði í hverjum mánuði á borð við skuggaráðuneyti, nefndastarf og fleira. Hægt er að skoða viðburðadagatal á suf.is

SUF er ungu Framsóknarfólki innan handar vanti því upplýsingar eða ráðleggingar. Hægt er að hafa samband í gegnum netfangið suf@suf.is eða í gegnum Facebook síðu SUF.

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða ábendingar endilega hafðu þá samband.

Bestu kveðjur,

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, varaformaður

Ásmundur Einar Daðason, ritari

3. Takk fyrir að skrá þig í framsókn - tillaga að nýjum texta fyrir aðila 35 ára og eldri, konur

Komdu sæll/sæl (nafn)

Kærar þakkir fyrir skráninguna!

Inntökubeiðnin hefur nú verið skráð og þú ert hér með boðin/n hjartanlega velkomin/n í Framsókn. Í flokksstarfinu hefur þú tækifæri til að koma skoðunum og hugmyndum þínum á framfæri og að hafa áhrif á umhverfi þitt og samfélagið. Flokksstarfið er enn fremur vettvangur til að láta rödd þína heyrast og öðlast reynslu sem mun verða þér dýrmæt.

Félagsstarf Framsóknar er virkt og margvíslegt, en hægt er að nálgast ýmsar gagnlegar upplýsingar á heimasíðu flokksins – www.framsokn.is

Einnig er virkur vettvangur upplýsingamiðlunar og samtals á Facebook síðu flokksins sem og á vefsvæði Framsóknarfólks -

<https://www.facebook.com/groups/344466746024204>

Við vekjum athygli þín á því að Konur í Framsókn halda úti virku starfi sem fylgjast má með hér: <https://www.facebook.com/konuriframsokn>

Ef þú hefur einhverjar spurningar eða ábendingar endilega hafðu þá samband.

Bestu kveðjur,

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, varaformaður

Ásmundur Einar Daðason, ritari

Verklag á skrifstofu:

1. Viðkomandi skráður í félagagrunn
2. Fært inn í skal sem heldur utan um skráningar til að miðla til forystu.
3. Skráningarformið prentað og vistað á skrifstofu
4. Tölvupóstur sendur

5.2. Verklag vegna andláts flokksfólks

1. Andlát núverandi/fyrrverandi alþingismanns

Flokksskrifstofa óskar eftir við fjölskyldu að hafa hátíðarfána við útförina (muna að sorgarband fylgi með).

Á heimasíðu flokksins er birt færsla um andlátið og öllum aðstandendum vottuð samúð.

Eins er tryggt að það sé krans frá flokknum, veglegur og síðan er staðlaður texti á borðunum.

Tryggja skal að formaður skrifi minningarorð til birtingar í Morgunblaðinu.

Tryggja skal að formaður, varaformaður og ritari flokksins verði við útför.

Eins skal tryggja að núverandi og fyrrv. alþingismenn kjördæmisins séu meðvituð um útförina.

- Ath. að forseti Alþingis er alltaf viðstaddur þessar útfarir.

2. Núverandi/fyrrverandi sveitarstjórnarmaður

Flokksfélag sinnir sömu skyldum og flokksskrifstofa.

3. Núverandi/fyrrverandi trúnaðarmaður

Flokksfélag sinnir sömu skyldum og flokksskrifstofa.

4. Almennur flokksfélagi

Oft hafa aðstandendur eða tengiliður þeirra samband og óska eftir að fá að hafa hátíðarfána flokksins við útför. Slíkum óskum er að sjálfsögðu mætt og einhver sem sækir eða hann sendur með flugi út á land.

**** Ef um óvanaleg tilvik er að ræða ber skrifstofa í samráði við formann ábyrgð á viðbrögðum.

Ef formaður eða aðrir í forystu flokksins hafa ekki tök á að komast í útför, hefur verið óskað eftir að koma á framfæri kveðju er prestur les upp í minningarorðum.

6. Innleiðing og næstu skref

Að lokinni umræðum og afgreiðslu þessara tillagna hefst innleiðing þeirra og þar er sérstaklega mikilvægt að vel takist til. Bæði varðandi einstaka lagabreytingar en ekki hvað síst innri vef flokksins og hvernig megi tengja hann með virkum þætti inn í allt starf Framsóknar á landsvísu. Hljóti allar þær lagabreytingar sem lagðar eru fram hér brautargengi fara árin fram að næsta flokksþingi í innleiðingu þeirra breytinga. Þar er ritari flokksins í lykilhlutverki og mun hann leiða þá innleiðingu af krafti í samstarfi við skrifstofu flokksins sem þjónustueiningu við allt flokksfólk.